

STJÓRNARTÍÐINDI B 15 – 1997

27. febrúar 1997

293

Nr. 157

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 511/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Aftan við upptalningu úr tollkafla 7 í 2. gr. reglugerðarinnar kemur:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magnatollur kr/kg	
<i>Tollnúmer:</i> 0704.9002	Rauðkál	03.03.-15.03.97	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. febrúar 1997.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

25. febrúar 1997

Nr. 158

REGLUGERÐ

um álagningu spilliefnagjalds.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gjaldskyldar vörur og undanþágur.

Leggja skal spilliefnagjald á vörur sem nánar greinir í reglugerð þessari og nær gjaldskylda til allra vara sem fluttar eru inn til landsins eða eru framleiddar hér á landi og flokkast undir tollnúmer sem nánar eru tilgreind í viðaukum með þessari reglugerð.

Vörur og vöruflokkar sem ekki er fjallað um í reglugerð þessari eru undanþegin spilliefnagjaldi.

Umhverfísráðherra sker úr verði ágreiningur um gjaldskyldu.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari merkir:

Spilliefnagjald: gjald sem lagt er á vörur sem geta orðið að spilliefnum til að standa straum af kostnaði við söfnun, móttöku, meðhöndlun, endurnýtingu eða eyðingu spilliefna.